



Dags: 01.07.2022

Yfirlýsing frá Landsambandi slökkviliðs og sjúkraflutningamanna(LSS) vegna breytinga á hættuflokkun starfs slökkviliðsmanna úr flokki 2B (hugsanlega krabbameinsvaldandi) yfir í flokk 1(staðfest krabbameinsvaldandi) hjá undirstofnun Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) Alþjóðlegu rannsóknarstofnuninni í krabbameinsfræðum (IARC).

LSS er fagstéttarfélag starfsgreina í neyðar og viðbragðsþjónustu og hefur sérstök Krabbameinsnefnd verið að störfum lengi en hefur hún staðið að fræðslu og kynningum tengdum málefnum. Stór hluti félagsmanna LSS eru slökkviliðsmenn flestir hjá sveitarfélögum en einnig starfsmenn ISAVIA sem sinna slökkvi og björgunarþjónustu á flugvöllum og á þessi yfirlýsing því við um alla sem starfa við slökkvistörf sama hvert starfsheitið er.

Þessi nýja flokkun IARC ætti að leiða til þess að þau krabbamein sem vísindin hafa staðfest að slökkviliðsmenn vegna starfs síns eiga aukna hættu að greinast með séu skilgreind sem atvinnusjúkdómur með þeim réttindum sem slíkt felur í sér.

Engin rannsókn hefur verið gerð á tíðni krabbameins meðal slökkviliðsmanna á Íslandi og engin skráning til hjá Vinnueftirlitinu en þó við höfum ekki tölfræðina eða staðfest tilfelli er það þekkt innan stéttarinnar að ansi margir félagar okkar hafa greinst með eða látist úr krabbameinum.

LSS telur brýnt að strax verði brugðist við þessum tíðindum og ráðist verði í greiningu og gerð aðgerðaráætlunar á breiðum grundvelli sem hefur það markmið að lágmarka líkur á því að slökkviliðsmenn verði út settir fyrir krabbameinsvaldandi efnum og réttindi þeirra tryggð. Rýna þarf í starfsaðstæður, starfsreglur og vinnulag við slökkvistörf og æfingar o.fl.

Hlekkur á grein í The Lancet sem birtist 30.06.22

[https://www.thelancet.com/journals/lanonc/article/PIIS1470-2045\(22\)00390-4/fulltext#:~:text=IARC%20Monogr%20Identif%20Carcinog%20Hazards%20Hum%20\(in%20press\).&text=Occupational%20exposure%20as%20a%20firefighter%20was%20classified%20as%20E2%80%9Ccarcinogenic%20to,for%20mesothelioma%20and%20bladder%20cancer.](https://www.thelancet.com/journals/lanonc/article/PIIS1470-2045(22)00390-4/fulltext#:~:text=IARC%20Monogr%20Identif%20Carcinog%20Hazards%20Hum%20(in%20press).&text=Occupational%20exposure%20as%20a%20firefighter%20was%20classified%20as%20E2%80%9Ccarcinogenic%20to,for%20mesothelioma%20and%20bladder%20cancer.)

Tengiliðir LSS

Bjarni Ingimarsson varaformaður og formaður Krabbameinsnefndar 699-4159 Bjarnii@lsos.is

Til vara: Magnús Smári Smárason formaður LSS 691-1513 magnuss@lsos.is